



Atvinnuveganefnd Alþingis

Sent með tölvupósti.
Reykjavík, 9. mars 2021

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um matvæli (sýklalyfjanotkun) 140. mál

Tilv. 202103-0004

Vísað er til umsagnarbeiðni í tölvupósti frá nefndasviði Alþingis, dags. 23. febrúar 2021, þar sem óskað var umsagnar Bændasamtaka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum (sýklalyfjanotkun), 140. mál. Bændasamtökin hafa farið yfir frumvarpið og vilja koma eftirfarandi á framfæri.


Bændasamtökin fagna þeirri vakningu sem orðið hefur varðandi nauðsyn þess að bæta merkingar og miðlun upplýsinga um uppruna, framleiðsluhætti og gæði matvæla.

Fylgja þarf betur eftir þeim reglum sem þetta varða og eru þegar í gildi, sbr. t.d. reglugerð nr. 1294/2014 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda. Í því felst m.a. að framkvæma þarf eftirlit með gildandi lögum og reglum með virkari hætti en nú er gert, en til þess hafa Matvælstofnun og Neytendastofa ríkar heimildir. Þá þarf að auki leggja áherslu á að kynna gildandi reglur og efla leiðbeiningagjöf til forsvarsmanna hvoru tveggja fyrirtækja og neytenda. Um þetta vísast einnig til tillagna í skýrslu samráðshóps um betri merkingar matvæla frá 9. september 2020, þar sem fjallað er um mögulegar leiðir til að tryggja betur rétt neytenda til upplýsinga um uppruna, framleiðsluhætti, lyfjanotkun og umhverfisáhrif matvæla. Lögð er áhersla á að vinnu í framhaldi af birtingu skýrslunnar verði haldið áfram svo ná megi framangreindum markmiðum.

Bændasamtökin hafa í umsögnum um tengd mál bent á að hérlendis eru gerðar meiri kröfur en víða annars staðar til m.a. sýklalyfjanotkunar, dýravelferðar og aðbúnaðar. Það er nauðsynlegt að draga fram þá styrkleika sem felast í því að hérlendis eru sýklalyf ekki notuð í vaxtarhvetjandi tilgangi. Að því marki sem stjórnvöldum er heimilt, innan ramma EES-samstarfs og alþjóðasamninga, er afar mikilvægt að gerðar séu sambærilegar kröfur framleiðslu og merkinga landbúnaðarafurða á innlendum markaði.

Að því sögðu er jákvætt að málið sé fram komið og eru fulltrúar Bændasamtakanna reiðubúnir að koma á fund nefndarinnar til frekari umræðu.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands



Guðrún Vaka Steingrimsdóttir